

Orkubú Vestfjarða ohf.

Ársreikningur 2021

Orkubú Vestfjarða ohf.

Stakkanes 1

400 Ísafjörður

kt. 660877-0299

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10
Óendurskoðað starfspáttayfirlit .....	19

# Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra

---

Tilgangur félagsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Á árinu 2021 nam hagnaður af rekstri félagsins 329 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir félagsins í árslok 2021 námu alls 13.257 millj. kr. og heildarskuldir alls 3.306 millj. kr. Eigið fé nam því alls 9.950 millj. kr. sem er um 75 % af heildarfjármagni. Fjárfestingaeignir til sölu hafa verið endurmetnar útfrá hlutdeild í eigin fé og samanburðartölur leiðréttar til samræmis. Aðrar eignir hafa ekki verið endurmetnar. Í árslok 2021 voru 60 stöðugildi hjá félaginu.

Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing um að hefja viðræður um sölu á eignarhlut Orkubúsins og annarra eigenda Landsnets til ríkisins. Stefnt er að því að þeim ljúki með samningi síðar á þessu ári. Eignarhlutur félagsins í Landsneti hf. er færður á upphaflegu kostnaðarverði sem nam 353 millj. kr. en hlutdeild félagsins í eigin fé Landsnets hf. nemur 3,7 ma. kr. Ljóst er að gangvirði eignarhlutar félagsins í Landsnet hf. er umtalsvert hærra en bókfært verð hans. Sjá nánar í skýringu 22.

Hlutfé félagsins nam í árslok 3.050 millj. kr. og er allt í eigu Ríkissjóðs Íslands. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2022.

Í desember 2021 tilkynnti Landsvirkjun að virkja þyrfti ákvæði í samningi milli fyrirtækjanna um heimild til skerðingar á raforku inn á hitaveitukatla Orkubús Vestfjarða í febrúar, mars og apríl 2022 sökum lágrar vatnsstöðu í lónum. Orkubú Vestfjarða þarf því að nota olíu til að kynda hitaveituna þennan tíma og er búist við að viðbótarkostnaður fyrirtækisins verði um 350 til 450 millj. kr. Með vísan til framanskráðs mun stjórn Orkubús Vestfjarða leggja til á aðalfundi að hagnaður ársins 2021 verði lagður við höfuðstól og nýttur til að mæta framangreindum viðbótarkostnaði, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins. Félagið stendur eftir sem áður vel og er tekjugrunnur þess traustur.

## Rekstur ársins 2021:

Aukning varð í umsvifum félagsins á árinu, en rekstrartekjur jukust um 2,2% milli ára. Með auknum umsvifum jókst kostnaður, en þó hlutfallslega minna en rekstrartekjur og hækkaði EBITDA úr 715 millj. kr. árið 2020 í 789 millj. kr. árið 2021, eða um 10,4%. Helsta skýringin er sú að gjaldskrár hækkuðu um 5,0% í upphafi árs auk þess sem magnaukning var í sölu. Tekjur af tengigjöldum jukust verulega vegna meiri umsvifa á starfssvæðinu. Kostnaðarverð seldra vara lækkaði um 8,8%, en rekstrartruflanir vegna óveðurs sem voru miklar í upphafi ársins 2020 höfðu umtalsverðan kostnað í för með sér. Launakostnaður hækkaði um 5,5% en stöðugildi voru óbreytt milli ára.

Félagið hefur á undanförunum árum fjárfest umtalsvert í rekstrarfjármunum til að styrkja dreifikerfið með jarðstrengjum í stað loftlína og er þá kerfið jafnframt þrífasað. Þessum breytingum fylgir svo fjárfesting í jarðspennistöðvum. Á árinu voru aðveitustöðvar endurnýjaðar í Tálknafirði og á Patreksfirði. Þá hefur verulegum fjármunum verið ráðstafað í eflingu varaafis á veitusvæðinu og styttingu viðbragðstíma við straumrof. Eftir stendur kerfi sem er mun betur í stakk búið til að takast á við orkuskipti í framtíðinni. Fjárfestingar ársins námu um 697,4 millj. kr.

Markmið félagsins til framtíðar er að reka félagið á öruggan og hagkvæman hátt í samræmi við tilgang félagsins, með hagsmuni viðskiptavina, eigenda og samfélagsins að leiðarljósi.

### Áhætta og óvissuþættir:

Félagið hefur tryggar tekjur vegna dreifingar á raforku og eins eru allar tekjuskapandi eignir félagsins tryggðar fyrir tjóni. Helsta áhætta félagsins snýr að þeim hluta rekstrarins sem er í samkeppnisrekstri og vegur þar þyngst ótryggt framboð raforku á heildsölumarkaði. Til að mæta þessari áhættu getur félagið ýmist brugðist við með hækkun á verðskrá að hluta, hagræðingu í rekstri og með aukinni eigin framleiðslu á raforku. Undanfarin ár hafa ýmsir virkjanakostir verið skoðaðir til að mæta þessari áhættu.

### Yfirlýsing stjórnar og orkubússtjóra.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2021, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2021.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Ísafjörður, 31. mars 2022

Í stjórn

Illugi Gunnarsson  
stjórnarformaður

Friðbjörg Matthíasdóttir

Eiríkur Valdimarsson

Elsa Kristjánsdóttir

Gísli Jón Kristjánsson

Orkubússtjóri

Elías Jónatansson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og orkubússtjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla félagsins, skýrsla stjórnar og orkubússtjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og orkubússtjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun okkar.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Við vorum kjörnir endurskoðendur af hluthafafund félagsins á árinu 2021 í fyrsta skiptið. Þetta er því annað samfellda reikningsárið sem við erum endurskoðendur.

Reykjavík, 31 mars 2022

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

Davíð Arnar Einarsson  
Löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020*
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....	17	3,174,452	3,106,821
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....	(	1,297,330)	( 1,334,649)
Laun og launatengd gjöld .....	18 (	975,821)	( 926,094)
Annar rekstrarkostnaður .....	(	112,297)	( 131,117)
		( 2,385,448)	( 2,391,860)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b> .....		789,004	714,961
Afskriftir .....	21 (	404,018)	( 377,675)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b> .....		384,986	337,286
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur .....		108,767	82,993
Fjármagnsgjöld .....	(	107,224)	( 99,415)
	20	1,543	( 16,422)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		386,529	320,864
Tekjuskattur .....	23 (	57,562)	( 77,190)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	25	328,967	243,674
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
<b>Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning</b>			
Gangvirkisbreytingar eigna til sölu .....		577,380	230,479
<b>Heildarafkoma ársins</b> .....	25	906,347	474,153

\* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 16.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020*
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	21	8,795,014	8,507,035
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	22	9,901	3,088,196
Fastafjármunir		8,804,915	11,595,231
Vörubirgðir .....	9	266,102	237,893
Viðskiptakröfur .....	24	402,385	451,895
Kröfur á tengda aðila .....	28	100,856	118,149
Aðrar skammtímaskröfur .....		16,735	23,979
Eignarhlutur til sölu .....	22	3,663,175	0
Handbært fé .....	12	2,541	1,690
Veltufjármunir		4,451,794	833,606
<b>Eignir samtals</b>		13,256,709	12,428,837
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		3,049,914	3,049,914
Lögbundinn varasjóður .....		1,016,637	1,016,637
Endurmatsreikningur .....		3,310,450	2,733,070
Óráðstafað eigið fé .....		2,573,424	2,244,457
Eigið fé	25	9,950,425	9,044,078
Tekjuskattskuldbinding .....	23	321,070	297,298
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	27	998,943	1,302,218
Lífeyrisskuldbinding .....	26	966,951	915,770
Langtímaskuldir		1,965,894	2,217,988
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		196,005	231,098
Skuldir við lánastofnanir .....		206,958	29,184
Næstu árs afborganir langtímaskulda við lánastofnanir .....	27	365,748	349,076
Skattar til greiðslu .....	23	32,394	31,550
Aðrar skammtímaskuldir .....		218,215	228,565
Skammtímaskuldir		1,019,320	869,473
Skuldir samtals		3,306,284	3,384,759
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		13,256,709	12,428,837

\* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 16.



# Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020*
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	25	328,967	243,674
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	21	404,018	377,675
Söluhagnaður eigna .....	(	12,379)	( 265)
Verðbætur langtímaskulda .....		71,854	56,788
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....		56,167	77,190
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	26	58,181	51,364
Veltufé frá rekstri		<u>906,808</u>	<u>806,426</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, hækkun .....	(	28,209)	( 19,283)
Skammtímakröfur, hækkun (lækkun) .....		56,753	( 71,766)
Skammtímaskuldir, lækkun .....	(	66,700)	( 23,237)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(	<u>38,156</u>	( 114,286)
Handbært fé frá rekstri		<u>868,652</u>	<u>692,140</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	21	( 697,418)	( 728,448)
Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum .....	22	( 7,500)	0
Seldir rekstrarfjármunir .....		17,801	2,540
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>687,117</u>	( 725,908)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tekin ný langtímalán .....		0	600,000
Skammtímalán, breyting .....		177,773	( 221,739)
Afborganir langtímalána .....	(	358,457)	( 345,869)
Fjármögnunarhreyfingar	(	<u>180,684</u>	<u>32,392</u>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		851	( 1,376)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>1,690</u>	<u>3,066</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u><u>2,541</u></u>	<u><u>1,690</u></u>

\* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 16.

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Orkubú Vestfjarða ohf. er opinbert hlutfélag með lögheimili að Stakknesi 1, Ísafirði og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaáferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Áhættustjórnun

Félagið er ekki með neina framvirka gjaldeyrisriskiptasamninga, valréttta eða afleiðusamninga.

## 5. Skráning tekna

Tekjur af sölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

## 6. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

## 8. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun.

## Skýringar, frh.:

---

### 8. Rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

### 9. Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

### 10. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. Ef gangvirði eignarhluta er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignarhlutann þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Eignarhlutur í Landsneti hf. er skilgreindur sem fjáreign á gangvirði í gegnum heildarafkomu. Hún er færð á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar á sérstakan lið meðan eigin fjár. Gangvirðisbreytingarnar, sem færðar hafa verið á eigin fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign á gangvirði í gengum heildarafkomu er afskráð.

### 11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur hafa verið færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

### 12. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### 13. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað ársins innifelur frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

### 15. Eignir utan efnahags

Við stofnun Orkubús Vestfjarða á árinu 1977 lögðu sveitarfélögin á Vestfjörðum og ríkið inn í félagið öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi. Í útgefnum afsölum sveitarfélaganna er það ennfremur sérstaklega tekið fram að þau afsali Orkubúi Vestfjarða öllum rétti til virkunar vatnsafls og jarðhita sem þau eiga eða kunna að eiga í löndum sínum eða annars staðar og þau kunna að hafa samið um. Náði afsal þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda. Vatnsréttindin eru ekki bókfærð í efnahagsreikningi félagsins og eru því eignir utan efnahagsreiknings.

## Skýringar, frh.:

### 16. Leiðrétting á samanburðartölum

Félagið hefur breytt um reikningsskilaaðferð við útreikning á gangvirði fjárfestingareigna sem skilgreindar eru sem eignir til sölu við árslok 2021. Endurmat eignanna nær til árunna 2005 til 2021 og hefur því samanburðartölum verið breytt. Leiðréttingar vegna fyrri tímabila eru sýndar sem leiðrétting á eigin fé í samanburðartölunum. Sjá nánar skýringu 22.

Einnig var skammtímahluti lífeyrisskuldbindingarinnar færður undir aðrar skammtímaskuldir.

	2020	Leiðrétting	2020 leiðrétt
Rekstrarreikningur			
Hagnaður ársins .....	243,674	0	243,674
Önnur heildarafkoma ársins			
Gangvirðisbreytingar eigna til sölu .....	0	230,479	230,479
Heildarafkoma ársins .....	243,674	230,479	474,153
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	0	2,733,070	2,733,070
Fastafjármunir samtals .....	8,862,161	2,733,070	11,595,231
Endurmatsreikningur .....	0	2,733,070	2,733,070
Eigið fé samtals .....	6,311,008	2,733,070	9,044,078
Lífeyrisskuldbinding .....	959,770	( 44,000)	915,770
Aðrar skammtímaskuldir .....	184,565	44,000	228,565

### 17. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:

	2021	2020
Raforkusala .....	881,901	908,743
Raforkudreifing .....	1,309,333	1,228,941
Sala á heitu vatni .....	785,702	749,896
Tengigjöld .....	44,229	100,167
Aðrar tekjur .....	153,287	119,074
Samtals .....	3,174,452	3,106,821

### 18. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun .....	752,681	717,314
Launatengd gjöld .....	186,640	189,735
	939,321	907,049
Lífeyrisskuldbinding .....	109,202	95,485
Dagpeningar .....	15,900	17,332
Bifreiðastyrkur .....	31,975	30,044
Eignfærð laun og launatengd gjöld .....	( 120,577)	( 123,816)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals .....	975,821	926,094
Stöðugildi í árslok .....	60	60

## Skýringar, frh.:

### 18. Starfsmannamál, frh.:

Laun stjórnar, orkubússtjóra og þriggja framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2021	2020
Laun stjórnar * .....	9,570	9,891
Laun orkubússtjóra .....	21,894	21,525
Laun framkvæmdastjóra .....	52,192	50,457
	<u>83,656</u>	<u>81,873</u>

\* Á árinu 2020 voru greiddar 531 þús. kr. til stjórnarmanna sem sátu í samninganefnd vegna kjarasamninga við starfsmenn. Greidd laun vegna setu í samninganefnd eru innifallinn í skýringu um laun stjórnar.

### 19. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

	2021	2020
Endurskoðun ársreiknings .....	4,873	4,670
Önnur þjónusta .....	521	4,043
Þóknun til endurskoðanda samtals .....	<u>5,394</u>	<u>8,713</u>

### 20. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2021	2020
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	61	622
Arður af hlutabréfaeign .....	105,713	77,329
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	2,993	5,042
	<u>108,767</u>	<u>82,993</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vextir af skuldum við lánastofnanir .....	( 107,153)	( 99,289)
Önnur vaxtagjöld .....	( 71)	( 126)
	<u>( 107,224)</u>	<u>( 99,415)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	<u>1,543</u>	<u>( 16,422)</u>

## Skýringar, frh.:

### 21. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Raforkukerfi Orkuver	Raforkukerfi Veitukerfi	Hitaveitukerfi
Kostnaðarverð 1.1.2021 .....	4,638,417	8,206,897	1,885,174
Eignfært á árinu .....	33,560	545,840	45,783
Selt og aflagt á árinu .....	( 852)	( 70,973)	0
Kostnaðarverð 31.12.2021 .....	4,671,125	8,681,764	1,930,957
Afskrifað 1.1.2021 .....	2,461,039	3,641,947	1,341,528
Afskrift ársins .....	79,163	212,012	38,503
Selt og aflagt á árinu .....	( 852)	( 70,973)	0
Afskrifað 31.12.2021 .....	2,539,350	3,782,986	1,380,031
Bókfært verð 31.12.2020 .....	2,177,378	4,564,949	543,646
Bókfært verð 31.12.2021 .....	2,131,775	4,898,778	550,926
Afskriftahlutföll .....	1,67 - 5%	3,3 - 4%	4 - 10%
	<b>Fasteignir</b>	<b>Áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
Kostnaðarverð 1.1.2021 .....	1,760,563	677,819	17,168,870
Keypt á árinu .....	1,721	70,514	697,418
Selt og aflagt á árinu .....	( 4,141)	( 23,706)	( 99,672)
Kostnaðarverð 31.12.2021 .....	1,758,143	724,627	17,766,616
Afskrifað 1.1.2021 .....	737,068	480,253	8,661,835
Afskrift ársins .....	28,797	45,543	404,018
Selt og aflagt á árinu .....	( 1,429)	( 20,997)	( 94,251)
Afskrifað 31.12.2021 .....	764,436	504,799	8,971,602
Bókfært verð 31.12.2020 .....	1,023,495	197,565	8,507,035
Bókfært verð 31.12.2021 .....	993,707	219,828	8,795,014
Afskriftahlutföll .....	2%	20%	

Nýframkvæmdir eru afskrifaðar þegar fjárfestingin er tilbúin til notkunar. Í framkvæmdakostnaði eru 66,4 millj. kr. vegna útdeilingar á sameiginlegum rekstrarkostnaði og 120,6 millj. kr. vegna eignfærðra launa.

Fasteignamat og vátryggingamat fasteigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Orkuver og kyndistöðvar .....	511,071	1,619,786
Aðrar byggingar .....	501,804	1,437,966

Vátryggingafárhæð annarra eigna en fasteigna er um 2,5 milljarðar kr. Vátryggingarfárhæð náttúruhamfaratryggingar rekstrarfjármuna nam 23,7 milljarðar kr. í árslok 2021.

## Skýringar, frh.:

### 22. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Fastafjármunir 1)			
Netorka hf. ....	4.95%	492	1,847
Dalsorka ehf. ....	10%	444	444
Landsvarmi ehf. ....	18%	90	110
Blámi, stofnfé .....		7,500	7,500
Bókfært verð í árslok .....			9,901
Veltufjármunir 2)			
Landsnet hf. ....	5.98%	352,725	3,663,175

1) Eignarhlutir félagsins í langtíma áhættufjármunum eru metnir á kostnaðarverði.

2) Þann 1. júlí 2021 tóku gildi lög nr. 74/2021 þar sem kveðið er á um að eignarhald á Landsneti hf. skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Ákvæði þetta tekur gildi 1. júlí 2022 og því er eignarhlutur Orkubús Vestfjarða í Landsneti hf. í árslok 2021 færður meðal veltufjármuna en ekki fastafjármuna líkt og í árslok 2020.

Sökum óvissu um endanlegt virði Landsnets hf. og að viðræður um sölu voru ekki hafnar í árslok, metum við eignina út frá hlutdeild okkar í heildar eiginfé Landsnets hf. í árslok 2021. Sú hlutdeild þarf ekki að endurspegla endanlegt söluvirði hlutarins.

### 23. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 57,6 millj. króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2022 er 32.4 millj. kr.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

		2021		2020
Hagnaður fyrir skatta .....		386,529		320,864
Skatthlutfall .....	20.0%	77,306	20.0%	64,185
Fenginn arður .....	( 5.5%)	( 21,143)	( 4.8%)	( 15,466)
Aðrir liðir .....	0.4%	1,399	8.9%	28,471
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi ....	14.9%	57,562	24.1%	77,190

## Skýringar, frh.:

### 23. Tekjuskattur, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	( 297,298)	( 251,658)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	( 56,167)	( 77,190)
Reiknaður tekjuskattur vegna liða sem fara yfir eigið fé .....	32,395	31,550
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	( 321,070)	( 297,298)

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 382,342)	( 358,012)
Viðskiptakröfur .....	1,026	11,827
Birgðir .....	( 2,661)	( 2,380)
Lífeyrisskuldbinding .....	62,909	51,273
Aðrir efnahagsliðir .....	( 2)	( 7)
	( 321,070)	( 297,299)

### 24. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur .....	427,636	533,624
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 25,251)	( 81,729)
	402,385	451,895

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	( 81,729)	( 69,151)
Tapaðar kröfur á árinu .....	45,264	3,866
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	11,214	( 16,444)
Niðurfærsla í árslok .....	( 25,251)	( 81,729)

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### 25. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur alls 3.050 millj. króna og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020 .....	3,049,914	1,016,637	0	2,000,783	6,067,334
Br. á samanbr. tölum .....			2,502,591		2,502,591
Eigið fé 1.1.2020 e. br. ....	3,049,914	1,016,637	2,502,591	2,000,783	8,569,925
Gangvirðisbreyting .....			230,479		230,479
Hagnaður ársins .....				243,674	243,674
Eigið fé 31.12.2020 .....	3,049,914	1,016,637	2,733,070	2,244,457	9,044,078



## Skýringar, frh.:

### 25. Eigið fé, frh.:

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	3,049,914	1,016,637	2,733,070	2,244,457	9,044,078
Gangvirðisbreyting .....			577,380		577,380
Hagnaður ársins .....				328,967	328,967
Eigið fé 31.12.2021 .....	3,049,914	1,016,637	3,310,450	2,573,424	9,950,425

### 26. Lífeyrisskuldbinding

Á Orkubúi Vestfjarða ohf. hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna félagsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins B-deild. Vegna þessa hefur verið færð lífeyrisskuldbinding í efnahagsreikningi. Lífeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna til 1. júlí 2001 og er færð samkvæmt tryggingafræðilegu mati á reikningskiladegi.

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	959,770	908,405
Greiddar lífeyrisskuldbindingar .....	( 51,021)	( 44,120)
Framlag ársins vegna lífeyrisskuldbindingar .....	109,202	95,485
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	1,017,951	959,770
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	966,951	915,770
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	51,000	44,000
	1,017,951	959,770

Lífeyrisskuldbinding sem hefur myndast eftir 1. júlí 2001 er greiðsluskyld á því ári sem hún myndast og er gerð upp árlega.

### 27. Skuldir við lánastofnanir

Yfirlit um skuldir við lánastofnanir:

	31.12.2021	31.12.2020
Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum, meðalvextir 2,23% .....	1,364,691	1,651,294
Næsta árs afborganir .....	( 365,748)	( 349,076)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals .....	998,943	1,302,218

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu tímabil:

Árið 2022/2021 .....	365,748	349,076
Árið 2023/2022 .....	365,748	349,076
Árið 2024/2023 .....	254,207	349,076
Árið 2025/2024 .....	254,207	349,076
Síðar .....	124,781	254,990
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	1,364,691	1,651,294

Engin veð hvíla á eignum félagsins vegna skulda við lánastofnanir.

## Skýringar, frh.:

---

### 28. Tengdir aðilar

#### *Skilgreining tengdra aðila*

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

#### *Viðskipti við tengda aðila*

Viðskipti við tengda aðila þ.m.t. íslenska ríkið og félög og stofnanir í eigu þess eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða. Upplýsingar um laun stjórnenda er að finna í skýringu 18. Viðskipti stjórnarmanna og stjórnenda eru óveruleg og tengjast hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

### 29. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í desember 2021 tilkynnti Landsvirkjun virkja þyrfti ákvæði í samningi milli fyrirtækjanna um heimild til skerðingar á raforku inn á hitaveitukatla Orkubús Vestfjarða í febrúar, mars og apríl sökum lágrar vatnsstöðu í lónum. Orkubú Vestfjarða þarf því að nota olíu til að kynda hitaveituna þennan tíma og er búist við að viðbótarkostnaður fyrirtækisins verði um 350 til 450 millj. kr. Félagið stendur eftir sem áður vel og er tekjugrunnur þess traustur.

## Starfsþáttayfirlit (óendurskoðað)

### Starfsþættir

Starfssvæði Orkubús Vestfjarða ohf. er að mestu Vestfirðir. Fyrirtækið skiptist niður í fjóra starfsþætti en þeir eru dreifing, framleiðsla raforku, hitaveita og önnur þjónusta.

**Dreifing** er bæði flutningur og dreifing raforku. Þessi þáttur í starfsemi félagsins er ekki í samkeppnisrekstri og lýtur eftirliti Orkustofnunar.

**Framleiðsla** er bæði framleiðsla og sala raforku sem nær til alls landsins.

**Hitaveita** er allur fjarvarma- og hitaveiturekstur félagsins.

**Önnur þjónusta** er öll önnur starfssemi svo sem sala á þjónustu vegna flutningslína, viðgerðir vegna tjóna og önnur tilfallandi verk.

Rekstrarstarfsþættir Árið 2021	Dreifing raforku	Framleiðsla raforku	Hitaveita	Önnur þjónusta	Samtals
Rekstrartekjur .....	1,666,852	1,705,269	795,062	34,955	4,202,138
Tekjur milli starfsþátta .....	( 202,695)	( 835,500)	0	10,510	( 1,027,685)
	1,464,157	869,769	795,062	45,465	3,174,453
Rekst.afkoma starfsþátta ..	449,571	219,003	114,268	6,162	789,004
Afskriftir .....	240,717	115,173	48,127	0	404,017
Rekstrarhagnaður .....	208,854	103,830	66,141	6,162	384,987
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld .....					1,543
Tekjuskattur .....					( 57,562)
Hagnaður ársins .....					328,968
Ávöxtun á eignir .....	4.0%	3.5%	10.3%		2.9%
<b>Efnahagur</b>					
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	5,222,539	2,927,810	644,665		8,795,014
Óskiptar eignir .....					4,461,695
<b>Eignir samtals</b> .....					13,256,709
<b>Óskiptar skuldir</b> .....					3,306,284

## Starfsþáttayfirlit, frh.:

<b>Rekstrarstarfsþættir</b> <b>Árið 2020</b>	<b>Dreifing</b> <b>raforku</b>	<b>Framleiðsla</b> <b>raforku</b>	<b>Hitaveita</b>	<b>Önnur</b> <b>þjónusta</b>	<b>Samtals</b>
Rekstrartekjur .....	1,622,462	1,756,923	756,277	13,255	4,148,917
Tekjur milli starfsþátta .....	( 198,735)	( 872,875)	0	29,514	( 1,042,096)
	<u>1,423,727</u>	<u>884,048</u>	<u>756,277</u>	<u>42,769</u>	<u>3,106,821</u>
Rekst.afkoma starfsþátta ..	484,086	170,986	74,203	( 14,314)	714,961
Afskriftir .....	217,055	112,056	48,564	0	377,675
Rekstrarhagnaður .....	267,031	58,930	25,639	( 14,314)	337,286
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld .....					( 16,422)
Tekjuskattur .....					( 77,190)
Hagnaður ársins .....					<u>243,674</u>
Ávöxtun á eignir .....	5.5%	2.0%	4.0%		2.7%
<b>Efnahagur</b>					
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	4,881,580	2,982,532	642,923	0	8,507,035
Óskiptar eignir .....					<u>3,921,802</u>
<b>Eignir samtals</b> .....					<u>12,428,837</u>
<b>Óskiptar skuldir</b> .....					<u>3,384,759</u>

# Undirritunarsíða

Stjórnarformaður  
Illugi Gunnarsson

Stjórnarmaður  
Eiríkur Valdimarsson

Stjórnarmaður  
Elsa Kristjánsdóttir

Stjórnarmaður  
Gísli Jón Kristjánsson

Stjórnarmaður  
Friðbjörg Matthíasdóttir

Endurskoðandi  
Davíð Arnar Einarsson

Orkubússtjóri  
Elías Jónatansson